



Fundargerð

465. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Fimmtudaginn 11. mars 2021, kl.15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH) oddviti, Ingimar Ingimarsson (II), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE), Karl Kristjánsson (KK) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir (ÁÝS) í stað Emblu Daggar B. Jóhannsdóttur (EDBJ). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál mál barst og var samþykkt að taka það á dagskrá undir liðnum önnur mál. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár.

Sveitarstjórn óskar Emblu Dögg sveitarstjórnarfulltrúa innilega til hamingju með fæðingu stúlkubarns í dag, 11. mars 2021.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 464. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 4. mars 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1. 2103001 - Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018 - 2035.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.2. 2103002 - Deiliskipulag Bjarkalundar.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.3. 2006035 - Úttekt Verkís á veitum.

Lagt fram og kynnt.

2.4. 2102005 - Viðbragðsáætlanir fyrir Flateyjar- og Reykhólahöfn.

Lagt fram og kynnt.

2.5. 2103003 - Stefnuviti og hliðarmerki í innsiglingarennu Reykhólahöfn.

Lagt fram og kynnt.

2.6. 2103007 - Hallsteinsnes stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. II, KK og ÁÝS sátu hjá.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

3. Velferðarnefnd 1. mars 2020

JÖE fór yfir fundargerðina.

3.1.Trúnaðarmál

Trúnaðarmál tekið fyrir og ritað í trúnaðarmálabók.

Fundargerðin staðfest.

Mál til afgreiðslu

1. 2103011 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 80.000.000.-, til allt að 20 ára, í samræmi við samþykktu lánsúmsókn.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttur, sveitarstjóra, kt.051270-4019, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Reykhólahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Samþykkt samhljóða.

2. 2102027 – Dreifnámsdeild á Reykhólum.

Sveitarstjóri fór yfir fund sem Strandabyggð boðaði á Hólmavík 16. febrúar 2021, þar sem til umræðu var stofnun dreifnámsdeildar á Reykhólum í tengslum við dreifnámsdeild FNV og Strandabyggðar á Hólmavík. IBE og JÖE sátu fundinn.

Sveitarstjórn fagnar tækifærinu og felur sveitarstjóra að vinna frekar að málinu með FNV og Strandabyggð. Samþykkt samhljóða.

3. 2102022 – Tilboð í ráðningar í stjórnendastöður.

Lagt er fram tilboð frá Hagvangi í ráðningaferli í stöður skrifstofustjóra og matráðs, kr. 390 þús. á starf.

Sveitarstjórn samþykkir að fela Hagvangi ráðningaferli í ofangreind störf og samþykkir framlagt tilboð samhljóða.

4. 2102026 – Valkostagreining sameiningakosta.

Lagt er fram tilboð RR ráðgjafar dags 7. febrúar 2021 í ráðgjöf í valkostagreiningu fyrir Reykhólahrepps vegna hugsanlegra sameininga. Tilboð hljóðar uppá allt að 3 millj. kr. fyrir verkefnið í heild.

Lagt fram svarbréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dagsett 9. mars 2021 við umsókn Reykhólahrepps um framlag vegna kostnaðar við greiningu á sameiningarkostum, framlag er veitt að upphæð allt að 3 millj.kr.

Sveitarstjórn samþykkir tilboð RR ráðgjafa samhljóða. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að láta útbúa viðauka sem hljóðar uppá 3 millj. í sérfræðikostnað og 3 millj. í tekjur á deild 21011. Samþykkt samhljóða.

5. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

5.1 2102025 – Umsókn um námsvist á grunnskólastigi.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða umsókn samhljóða.

5.2 2102029 – Umsókn um námsvist á leikskólastigi.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða umsókn samhljóða.

6. 1805012 – Slökkvistöð í Flatey, viljayfirlýsing.

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu Reykhólahrepps og Flateyjarveitna vegna byggingar slökkvistöðvar í Flatey.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlögð drög, sveitarstjóra falið að ganga frá viljayfirlýsingunni í samráði við Flateyjarveitur. Samþykkt samhljóða.

7. 2102020 – Sorpmál í Reykhólahreppi.

Lagt er fram tilboð frá Sorpsamlagi Strandasýslu og Íslenska gámafélaginu í sorpþjónustu fyrir Reykhólahrepp.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Íslenska gámafélagið. Samþykkt samhljóða.

8. 2103012 - Jarðir í eigu ríkisins.

Lagt er fram erindi frá Lögmál lögræðistofu dags. 25. febrúar 2021

Sveitarstjórn Reykhólahrepps leggst ekki gegn því að jarðir í ríkiseigu innan sveitarfélagsins séu boðnar til sölu. Samþykkt samhljóða.

9. 2103019 – Ísland ljóstengt 2021.

Framlögð kostnaðaráætlun við samtengingu ljósleiðarakerfa Fjarskiptafélags Reykhólahrepps og Dalaveitna sem hljóðar uppá 9,7 millj. án vsk. og umsókn Reykhólahrepps í verkefnið Ísland ljóstengt 2021 vegna verkefnisins. Lögð fram samþykkt Dalaveitna á samstarfi án kostnaðarauka fyrir veituna.

Sveitarstjórn samþykkir formlega umsókn í sjóðinn Ísland ljóstengt 2021 vegna samtenginga ljósleiðarakerfis sveitarfélagsins og Dalaveitna. Samþykkt samhljóða.

10. 2009019 - Girðingar á Kötlulandi.

Lagt fram erindi frá Bergi Þrastarsyni og Birgittu Jónasdóttur dags. 8. mars 2021.

Sveitarstjórn frestar málinu. Samþykkt samhljóða.

11. 2103020 – Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni.

Lagt fram erindi dagsett 6. mars 2021, þar sem sveitarfélaginu er boðið að yfirtaka samning um strikamerki til úthlutunar fyrir smærri rekstraraðila.

Sveitarstjórn telur hugmyndina góða en hún eigi ekki heima undir rekstri sveitarfélagsins, samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn beinir því til bréfitara að leita til Þaraklausturs nýsköpunarseturs.

Mál til kynningar

12. 2103013 - Inkasso kynning og tilboð.

Lagt fram og kynnt.

13. 2103014 - Bókun Dalabyggðar um Sundabraut.

Lagt fram til kynningar.

14. 2103015 - Tilkygning til sveitarfélaga vegna nýrra jafnréttis laga.

Lagt fram til kynningar.

15. 2103016 – Drög að umsögn sambandsins um drög að stefnu ráðherra um meðhöndun úrgangs 2021-2032.

Lagt fram til kynningar.

16. 2103018 – Stöðuskýrsla nr. 11, teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Lagt fram til kynningar.

17. 2103017 - 33. fundur stjórnar Vestfjarðastofu.

Lagt fram til kynningar.

18. 2102014 - 186. og 187. fundur Breiðafjarðarnefndar.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

19. 2102015 - 895. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

20. 21030021 - Samstafssamningur um skipulags- og byggingafulltrúa, drög af endurnýjuðum samningi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlögð drög. Samþykkt samhljóða.

Lögbundnum fundi í apríl frestað um eina viku, verður haldinn 15. apríl.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:45

_____	_____
_____	_____
_____	_____